

## Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness

### Priðji fundur skólaársins 2012-2013

Dagsetning: 5. nóvember 2012

Fundartími: 17:30-19:00

Fundarmenn:

Arndís Vilhjálmisdóttir, Björgúlfur Ólafsson, Edda Andradóttir, Helga Ólafsdóttir, Sigurlína Margrét Magnúsdóttir og Þórarinn Sv. Arnarson

Fundarritarar: ÞSA og AV

Fundargerð:

EA lagði fram dagskrá fundarins sem hafði áður verið send til fundarmanna.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Fréttabréf haustsins var rætt, en tvær útgáfur af því höfðu verið lagðar fram fyrir fund. Þær þóttu báðar fínar, hvor á sinn hátt. Ákveðið var að nýta bestu þætti hvorrar útgáfu fyrir sig í lokaútgáfu fréttabréfsins. Ákveðið var að fréttabréfið yrði sent út í tölvupósti en ekki dreift í öll hús á Seltjarnarnesi að sinni vegna kostnaðar. Stefnt verður að því að leita styrktarlína fyrir fréttabréf vorsins og gefa 7. bekkjum tækifæri til að safna styrktarlínum og hagnaður af þeim, umfram útprentunarkostnað, rynni til Reykjaferðar þeirra. EA mun senda póst út til bekkjarforeldra í 7. bekk og viðra þessa hugmynd.
3. BÓ gjaldkeri fór yfir fjármálin. Hann er nú kominn með prókúru fyrir reikning foreldrafélagsins. Félagið á um 480.000 kr. inneign á reikningnum. Farið var yfir rekstrareikning síðasta skólaárs og kom fram að helstu rekstrargjöld tengdust laufabrauðsgerðinni, jólaskemmtun í Mýró, öskudegi, vorhátíð og útskrift 10. bekkjar. Þar sem tekjuafgang var að ræða eftir regluleg útgjöld var ýmislegt keypt að fengnum ábendingum frá kennurum og skólastjórnendum, s.s. borðtennisborð fyrir Való,taflborð fyrir Mýró og hljóðfæri og hljómtæki fyrir Mýró. SMM mun óska eftir slíkum ábendingum fyrir núverandi skólaár á næsta skólaráðsfundi. BÓ hefur farið í gegnum lista yfir foreldra og verður 2.000 kr. félagsgjald fyrir hvert barn send inn á heimabanka foreldra á næstu dögum. EA mun senda tölvupóst til foreldra til að tilkynna um rukkunina.
4. Skólaráðsfundur var haldinn 8. október sl. EA dreifði fundargerð fundarins, sem er að finna á vef skólans, og var efni fundarins rætt. Eitt af því sem kom fram á skólaráðsfundinum var að stjórn foreldrafélagsins hafi verið beðin um að beita sér fyrir að bílastæði og körfuboltavelli yrði víxlað við Való og að kanna áætlun um viðhald á Való. SMM tók að sér að ræða þessi mál við Baldur Pálsson fræðslustjóra Seltjarnarnesbæjar.

HP sótti fund í samráðshópi Seltjarnarness en þar var fjallað um stöðu forvarna á Nesinu. Staðan er góð á Nesinu varðandi forvarnir, mikilvægt starf unnið í Gróttu og hefur unglिंगastarfið á Nesinu fengið mikið hrós. Foreldraröltið fór af stað í kjölfar kynningar á foreldrafélaginu fyrir bekkjarfulltrúum sem haldin var 15. október sl. en foreldrar barna í 8.,

9. og 10. bekk skipta með sér að rölta um bæinn að kvöldlagi um helgar en það hefur reynst mjög vel í gegnum tíðina.

5. Nýverið kom út úttekt á mötuneyti grunnskólans sem fræðslustjóri bæjarins kallaði eftir. Niðurstaðan var jákvæð og komið var með tillögur að úrbótum. Stefnt er að því að bæta smá umfjöllun um úttektina við fréttabréfið ef tók eru á.

6. Laufabrauð/bókakynning. Nú styttist í aðventustundina, sem verður haldin 24. nóvember kl. 10-14. MÓG hefur tekið að sér að kaupa aðföng fyrir laufabrauðsgerðina. Rætt var hvað muni þurfa að kaupa og verður haft samband við hann út af því. Þrír rithöfundar munu kynna bækur sínar á bókakynningunni ásamt því að tónlistarskólinn og kórinn munu koma með atriði. Farið var yfir tímasetningar á atriðunum og verður upplýsingum komið áfram varðandi þær.

Rætt var að þyrfti að undirbúa eldhúsið fyrir laufabrauðsgerðina og hverjir myndu taka það að sér. Einnig munu einhverjir þurfa að annast þrif að laufabrauðsgerðinni lokinni. EA mun senda póst á alla bekkjarfulltrúa og óska eftir sjálfboðaliðum við framkvæmdina.

7. Jólaskemmtun. Ákveðið að ræða hana á næsta fundi.

8. Félagsmiðstöðvadaðurinn 7. nóvember. Margrét í Selinu mun auglýsa hann.

9. Ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélaginu varðandi einelti - upplýsingar frá Heimili og skóla. Kannað verður hvort hægt er að koma saman smá upplýsingum um þetta í fréttabréfið.

10. Fundur með lögreglu verður haldinn 14. nóvember. Farið yfir hver muni sækja þann fund. AV tekur það að sér.

11. Fyrirlestur á Opnu húsi á Seltjarnarnesi. Foreldrafélagið mun sjá um skipulag eins af Opnu húsunum eftir áramót. Dagsetning liggur ekki fyrir eins og er, en stjórnin mun á næstu fundum ræða og ákveða efni þess.

12. Nýtt netfang stjórnar foreldrafélagsins er: foreldrafelag@grunnskoli.is. EA hefur einnig aðgang að Mentor fyrir hönd stjórnarinnar og getur sent tölvupóst á alla foreldra. Rætt var hvort fleiri stjórnarmenn ættu einnig að fá slíkan aðgang og stefnt að því að einn til viðbótar hafi hann. Ákveðið var að stjórnarmenn skiptist á að vakta tölvupóst foreldrafélagsins, ÞSA sér um það fyrsta mánuðinn.

Næsti fundur foreldrafélagsins verður haldinn **mánudaginn 3. desember kl. 17:30-19:00**